

Hughrif, 2014

© Hólmfríður Árnadóttir

Texti © Jón Proppé

Þýðing greinar á ensku: Sólveig Tómasdóttir

Prentun: Guðjón Ó - vistvæna prentsmiðjan

Alþjóðlegt bókaúmer: ISBN 978-9979-72-708-8

Gefið út í tilefni sýningarinnar *Hughrif*

í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni 15.11.14 – 04.01.15



Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

HÓLMFRÍÐUR ÁRNADÓTTIR: LEIKUR Í EFNINU EFTIR JÓN PROPPÉ

Hólmfríður Árnadóttir byrjaði kornung nám í Handíða- og myndlistaskólanum og lauk þaðan kennaraprófi. Hún vann síðan allan sinn feril að menntamálum og lauk loks störfum sem prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Samt hefur hún alltaf líka fengist við sína eigin sköpun, haldið sýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum, aðallega utanlands. Listsköpun hennar, kennsla og rannsóknir verða vart aðskildar.

Handíðaskólinn var merkileg stofnun og hafði miklu viðtækari áhrif á íslenskar listir, handíðir og menningu en flestir gera sér nú grein fyrir. Það var Lúðvíg Guðmundsson, þekktur skólastjóri og hugsjónamaður, sem átti frumkvæði að stofnun skólans sem tók til starfa í ársbyrjun 1940, einmitt þegar heimsstyrjöldin var að loka fyrir samband Íslendinga við meginland Evrópu. Skólanum hafði fyrst og fremst verið ætlað að veita kennaraefnum viðbótarnám í listum og handverki en í einangruninni varð þáttur myndlistarinnar sterkari en líklega hafði til staðið því ekki var annar menntunarkostur fyrir þá sem vildu leggja myndlist fyrir sig. Það var stofnuð sérstök myndlistardeild þar sem Þorvaldur Skúlason, Jón Engilberts og Nína Tryggvadóttir kenndu og árið 1942 var nafni skólans breytt úr Handíðaskólinn í Handíða- og myndlistaskólinn. Sumarið áður en skólinn tók til starfa hafði Lúðvíg gert sér ferð til Þýskalands til að sækja kennarann sem hann hafði helst hug á að fá til starfa. Það var Kurt Zier, þýskur gyðingur, sem rétt tókst þannig að komast undan helför nasistastjórnarinnar. Hann var afbragðskennari og mikill skólamaður, skrifaði skynsamlega og af þekkingu um myndlist, og kunni líka skil á ólíklegustu þáttum handverks og listsköpunar.

Það var í þessu umhverfi sem Hólmfríður byrjaði að móta hugmyndir sínar um nýjar leiðir í handverks- og listkennslu en hún fór að kenna strax að námi loknu og kenndi á ýmsum skólastigum þangað til hún hóf störf við Kennaraskólann 1967. Einnig hélt hún áfram að sækja sér frekari menntun og sótti námskeið og lagði stund á starfsnám hér heima, í Danmörku og Bretlandi þar sem hún var félagi í British Crafts Centre (sem nú heitir Contemporary Applied Arts) og hafði náin tengsl við Royal College of Art. Snemma tók hún þátt í mótun námsefnis enda vildi hún kynna aðrar hugmyndir en hefðin bauð. Hún var líka sjálf fordæmi um nýja tíma, eins og samkennari hennar, tónskáldið Jón Ásgeirsson, rifjaði upp í stuttri grein árið 1985:

... ég man svo langt, að hún varð einna fyrst til að brjótast undan þeirri kvöð, að vel klæddri konu væri skyldugt að klæðast kjól. Hún spígsporaði um bæinn á buxum, við hneykslan fólks. Blaðamenn birtu myndir og spurðu „er þetta framtíðin?“ Jú, mikið rétt, það var framtíðin.

Hólmfríður beitti sér víða, innan skólakerfisins og utan. Hún starfaði fyrir tímaritið *Hug og hönd*, hélt fyrirlestra og stóð fyrir sýningum og viðburðum á vegum listgreinakennara. Hún sat í nefnd sem umblyti mynd- og handmenntakennslu í grunn-

skólum snemma á áttunda áratugnum. Hún vann kennsluefni sem lagði grunn að kennslu í sögu og efnisfræði textílgreina, bæði í Myndlista- og handíðaskólanum og í kennaranámi. Hún skrifaði kennslubók í handavinnu og stóð fyrir tilraunakennslu og endurmenntun kennara í skólum um allt land. Þannig hafa hugmyndir hennar um nám og kennslu þessara greina haft gríðarmikil áhrif á öllum stigum skólakerfisins og árið 2009 var hún sæmd fálkaorðunni fyrir þessi störf.

Hólmfríður tók fyrst þátt í samsýningum á sjöunda og áttunda áratugnum en fór þó ekki að sýna eigin verk að ráði fyrr en um 1980. Næstu tuttugu árin tók hún þátt í fjölmörgum samsýningum, aðallega alþjóðlegum sýningum sem haldnar voru erlendis. Árið 1983 hélt hún sína fyrstu einkasýningu í Listmunahúsinu í Lækjargötu. Þar mátti sjá verk unnin í pappír og var þetta fyrsta sýning á Íslandi helguð slíkri myndlist. Verkin voru abstrakt, svarthvít eða í dökkum blátónum, og öll áhersla lögð á að efnið fengi að njóta sín. Íslenskir listamenn höfðu að vísu lengi notað pappír og til dæmis var Muggur að fást við pappírssamklipp um 1920, en yfirleitt var áherslan frekar á myndefnið en efnið sjálft. Sýning Hólmfríðar sætti því nokkrum tíðindum og var hluti af nýrri nálgun sem hún og fleiri höfðu unnið að síðustu áratugi og miðaði að því að auka veg efnisfræðinnar í myndlist, ekki síst við gerð textílverka.

Endurvakning textíls sem skapandi listgreinar hófst á Íslandi seint á sjötta áratugnum en þá fór Ásgerður Búadóttir að sýna ofin abstraktverk og á næsta áratug bættust fleiri í hópinn. Árið 1970 var síðan stofnuð ný deild við Myndlista- og handíðaskólann, textíildeild, og um sama leyti stóðu Hólmfríður og ýmsir samkennarar hennar að róttækri endurnýjun lista- og handverksnámsins í Kennaraskólanum. Þá rofnuðu flóðgarðarnir og fjöldi ungra listamanna – einkum konur – fóru að einbeita sér að greininni. Þessi vakning tengdist líka kvenna-hreyfingunni sem óx fiskur um hrygg á áttunda áratugnum því henni fylgdi áhugi á því að hefja til virðingar ýmislegt sem áður hafði verið talið aðeins handverk kvenna og gæti ekki flokkast sem „alvöru“ myndlist. Árið 1978 var svo stofnað nýtt gallerí í Reykjavík, Gallerí Langbrók, sem að stóðu í upphafi tólf listakonur og hafði það markmið að sýna myndlist kvenna. Sýningarnar voru fjölbreyttar en textíllinn var fyrirferðarmikill og þarna sást vel hvernig áherslan á efnið og möguleika þess – eins og Hólmfríður hafði boðað – opnaði nýjar leiðir. Á sýningunum mátti sjá ýmiss konar tilraunir með efni og vinnslu þess. Listakonurnar endurvöktu ævafornar aðferðir og fundu upp nýjar. Ýmislegt í þeirri tilraunastarfsemi átti ekki aðeins eftir að hafa áhrif í listsköpun heldur líka í textílliðnaði, t.d. tilraunir með sútun á fiskroði.

Líklega hafa rannsóknir Hólmfríðar á efnisfræði byrjað strax þegar hún var í Handíða- og myndlistaskólanum en víst er að um leið og hún fór að kenna lagði hún á þetta áherslu, lét nemendur sína vinna handverk í óhefðbundin efni og reyndi að opna þeim þannig leið að frjálsari sköpun. Þetta mátti líka sjá